

stefnda, Guðbrandi Finnbogasen, fyrir hönd W. Fischers verzlunar í Reykjavík, 30 kr.

Dómi þessum ber að fullnægja innan 8 vikna frá lögbirtingu hans undir aðför að lögum.

Mánudaginn hinn 21. septembermánaðar.

Nr. 17/1891.

Bæjarstjórn Reykjavíkur
gegn

H. Th. A. Thomsen og merkja-
dómendum sýslumanni Franz
Siemsen, og bændunum Gísla
Gíslasyni, Halldóri Jónssyni, Þórði
Runólfssyni og Þórði
Guðmundssyni.

Dómur:

Með því að bæjarstjórn Reykjavíkur og kaupmaður H. Th. A. Thomsen eigi gátu orðið ásátt um landamerki milli jarðarinnar Klepps, sem er eign Reykjavíkur, og Bústaða, eignarjarðar Thomsens, lagði bæjarstjórnin ágreiningsmálið undir úrskurð landamerkjadóms Kjósar- og Gullbringusýslu, og upp kvað hann dóm í málinu hinn 28. júní 1890. Þessum landamerkjadómi var skotið til yfirdómsins og fjell þar dómur í málinu hinn 8. desembermán. 1890 á þá leið, að landamerkjadómurinn var úr gildi felldur og málinu heimvísað, sjerstaklega fyrir þá skuld, að merkjadómurinn hefði eingöngu byggt úrslit málsins á skilríkjum, sem ekkert sönnunargildi hefðu í því, og væru málinu óviðkomandi. Hinn 31. des. f. á. voru formanni merkjadómsins, sýslumanninum í Kjósar- og Gullbringusýslu, afhent skjöl málsins ásamt nýnefndum yfirrettardómi, og var þess jafnframt af hálfu bæjarstjórnarinnar krafizt, að merkja-

dómurinn nú af nýju kvæði upp dóm um þessa merkja-
 þrætu. Merkjadómurinn tók þó málið eigi fyrir, fyrir en
 19. maímán. þ. á., og var þá uppkveðinn dómur í sök-
 inni af nýju á þá leið, að málinu var vísað frá merkja-
 dóminum og að hvor málsaðila var dæmdur til að greiða
 14 kr. í málskostnað. Í dóminum er frávísan málsins
 rökstudd með þeirri athugasemd, að eptir almennum
 rjettarfarsreglum hafi sami dómur eigi heimild til nje
 sje bær um að fella tvisvar dóm í sama málinu um að-
 aalefni þess. Þessum dómi hefur bæjarstjórn Reykjavík-
 ur áfrýjað til yfirdómsins með stefnu, útgefinni 30. maí
 þ. á., og gjört þær rjettarkröfur, að dómurinn verði úr
 gildi felldur, og málinu af nýju heimvísað á kostnað
 dómenda til löglegrar dómsáleggingar í aðalefninu, að
 merkjadómendurnir verði að viðlögðum daglegum þving-
 unarsektum skyldaðir til að taka málið til meðferðar apt-
 ur innan hæfilegs frests, t. d. 8 daga, að þeir verði
 dæmdir í sektir fyrir rjettarneitun og mótpróa, svo og
 hver um sig í 200 kr. sekt fyrir óhæfilegan drátt á
 dómsuppsögn, og loks, að dómendurnir verði annaðhvort
 in solidum, eða in solidum með málsaðila, kaupmanni
 H. Th. A. Thomsen, dæmdir til að greiða allan af áfrýj-
 an málsins leiðandi kostnað með 100 kr., eða eptir mati
 rjettarins.

Kaupmaður H. Th. A. Thomsen hefur sem stefndur
 í málinu krafizt þess, að hann verði sýkn dæmdur í
 því, að áfrýjandinn verði dæmdur til að greiða honum
 hæfilegan málskostnað, og að hinn áfrýjaði dómur verði
 staðfestur. Hinir stefndu dómendur hafa og krafizt þess,
 að verða sýknaðir í málinu, og sjerstaklega hefur for-
 maður merkjadómsins, sýslumaður Franz Siemsen, kraf-
 izt þess, að nmbodsmáður áfrýjandans verði sektaður

fyrir meiðandi ummæli um merkjadóminn í sóknarskjölum hans, er mál þetta var í vetur fyrir yfirdóminum, sjerstaklega fyrir orðið »bull« í sóknarskjali 6. okt. 1890, og að þessi meiðandi ummæli verði dæmd dauð og ómerk.

Með því að það er heimilað í 12. gr. landamerkjalaga 17. marz 1882 að heimvísa landamerkjamáli sökum lögleysu að efni til, og með því að heimvísunardómur landsyfirrjettarins hinn 8. des. f. á. tekur skýlaust og greinilega fram lögleysisatriðin í merkjadóminum 28. júní 1890 og á þann hátt gaf merkjadómendunum nægilega leiðbeiningu við dómsuppsögn í málinu af nýju, þá verður nú enn eptir kröfu áfrýjandans að dæma hinn áfrýjanda merkjadóm ómerkan, og að skylda merkjadómendur til að dæma málið í aðalefninu, en eigi þykir ástæða til þess að setja dómendunum ákveðinn frest til þessa nje leggja þvingunarsektir við eptir kröfu áfrýjanda.

Umboðsmaður áfrýjanda hefur undir rekstri málsins fallið frá kröfunni um sektir á hendur dómendunum fyrir drátt á dómsuppsögn, mótpróa o. s. frv., og á hinn bóginn er eptir málavöxtum ekki tilefni til þess ex officio að leggja þessar sektir á dómendurna.

Það þykir rjett, að áfrýjandi fái hæfilegt málskostnaðarendurgjald, er ákveðst 30 kr., og greiðist af merkjadómendunum in solidum. Málskostnaðarkröfu hins stefnda kaupmanns Thomsens, virðist eigi ástæða til að taka til greina.

Í þessu máli verður umboðsmaður áfrýjandans eigi dæmdur til sekta, samkvæmt kröfu hins stefnda undirdómara, fyrir ummæli, sem hann hefur viðhaft í sóknar-

skjölum í öðru máli, sem áður hefur komið hjer fyrir rjettinn, þótt málin sjeu bæði af sömu rót runnin.

Því dæmist rjett að vera:

Hinn áfrýjaði merkjadómur á að vera ómerkur og vísast málinu heim aptur til dómsáleggingar í aðalefninu. Undirdómarinn Franz sýslumaður Siemsen og meðdómsmenn, bændurnir Gísli Gíslason, Halldór Jónsson, Þórður Runólfsson og Þórður Guðmundsson, greiði áfrýjanda, bæjarstjórn Reykjavíkur, 30 kr. upp í málskostnað innan 8 vikna frá lögbirtingu dóms þessa undir aðför að för að lögum.

Nr. 18/1891:

Bæjarstjórn Reykjavíkur

gegn

H. Th. A. Thomsen og merkjadómendum, sýslumanni Franz Siemsen og bændunum Gísla Gíslasyni, Halldóri Jónssyni, Þórði Runólfssyni og Þórði Guðmundssyni.

Dómur:

Sakir ágreinings um landamerki milli Laugarness og Bústada í Seltjarnarnesshreppi höfðaði bæjarstjórnin í Reykjavík, sem umráðandi hinnar fyrnefndu jarðar; merkjamál gegn eiganda Bústada, hinum stefnda, kaupmanni H. Th. A. Thomsen, og var dómur uppkveðinn í málinu í merkjadómi Kjósar- og Gullbringusýslu hinn 28. júní f. á. Þessum landamerkjadómi var áfrýjað, og